**SUMARTÓNLEIKAR**
**LISTASAFNS SIGURJÓNS**
**1998**

Þriðjudaginn 30. júní kl. 20:30
**Þórunn Guðmundsdóttir** sópran og **Kristinn Örn Kristinsson** píanó. Lög eftir Gunnar Reyni Sveinsson, Hjálmar H. Ragnarsson, Jón Leifs, Jerome Kern og Gershwin.

Þriðjudaginn 7. júlí kl. 20:30
**Kristján Eldjárn** gítar. Einleiksverk eftir Fernando Sor, J. S. Bach, Leo Brouwer og Jón Ásgeirsson.

Þriðjudaginn 14. júlí kl. 20:30
**Jón Sigurðsson** leikur á píanó verk eftir J.S. Bach, Beethoven og F. Chopin.

Þriðjudaginn 21. júlí kl. 20:30
**Hildigunnur Halldórsdóttir** fiðla og **Örn Magnússon** píanó leika verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jean Sibelius og Edvard Grieg.

Þriðjudaginn 28. júlí kl. 20:30
Gítarleikararnir **Halldór Már Stefánsson, María José Boira, Francesc Ballart** og **David Murgadas** leika verk eftir Telemann, M. Llobet, M. Ravel, L. Brouwer, F. Moreno-Torroba og E. Granados.

Þriðjudaginn 4. ágúst kl. 20:30
**Hjörleifur Valsson** fiðluleikari ásamt píanóundirleik.

Þriðjudaginn 11. ágúst kl. 20:30
**Davíð Art Sigurðsson** baríton syngur við píanóundirleik lög eftir Jón Ásgeirsson, Jórunni Viðar, Hjálmar H. Ragnarsson, Björgvin Þ. Valdimarsson, Sigfús Halldórsson, Gunnar Reyni Sveinsson og Atla Heimi Sveinsson.

Þriðjudaginn 18. ágúst kl. 20:30
**Elisabeth Zeuthen** fiðla og **Halldór Haraldsson** píanó. Sónötur eftir J. P. E. Hartmann, Emil Hartmann og Carl Nielsen.

Þriðjudaginn 25. ágúst kl. 20:30
**Kristjana Helgadóttir** flauta og **Dario Macaluso** gítar. Verk eftir Mauro Giuliani, Astor Piazzolla, Þorkel Sigurbjörnsson, Alberto Ginastera, Heitor Villa-Lobos og Riccardo Malipiero.

Þriðjudaginn 1. sept. kl. 20:30
**Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Junah Chung** lágfiðla og **Sigurður Halldórsson** selló, leika strengjatríó eftir Beethoven, Schönberg og Schubert.

*Tíunda starfsár*

# Sumartónleikar
# í
# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Jón Sigurðsson
## píanóleikari

Þriðjudaginn 14. júlí 1998 kl. 20:30

**Jón Sigurðsson** nam píanóleik hjá Helgu Laxness og síðar hjá Halldóri Haraldssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík. Undir hans leiðsögn lauk hann kennara- og burtfararprófi. Framhaldsnám stundaði Jón í Þýskalandi hjá Eriku Haase og í Bandaríkjunum hjá Caio Pagano og lauk hann meistaraprófi frá Arizona State University. Jón starfar nú sem píanókennari og meðleikari. Undanfarin ár hefur hann haldið tónleika og einnig komið fram með öðru tónlistarfólki.

**Bach** heldur sig við ramma föstu dansþáttanna í e-moll svítunni en skýtur þó inn passepieds eins og tíðkaðist milli sarabande og gigue. Prélude minnir á konsert í ritornello stíl sem var mjög vinsæll meðal ítalskra tónskálda. Hinir þættirnir bera frönsk áhrif. Svítan var líklega samin í Köthen um 1721.

**Beethoven** leitaði leiða til að gera sónötuna að heilsteyptara formi. Upphafsþáttur sónötu var viðamestur og skyggði mjög á þá sem á eftir komu. Sú leið Beethovens að byrja á tilbrigðum og enda á Rondói skapar visst jafnvægi í As-dúr sónötunni og markar ákveðin tímamót í tónsköpun hans.

**Chopin** gerði fjórar atrennur að sónötuforminu ólíkt flestum tónskáldum 19. aldarinnar er vildu síður samanburð við hið mikla tónskáld sónötunnar, Beethoven. Að auki var sónötuformið álitið úrelt og Beethoven gamaldags. Chopin hefur hér ekki sama áhuga á jafnvægi milli þátta og Beethoven. Laglínur fá rými en úrvinnslu er aftur á móti haldið í lágmarki í fyrsta þætti. Annar og þriðji þáttur sónötunnar eru í þrískiptu formi eins og flestir hans valsar og mazurkar. Lokaþátturinn lýsir tómarúmi; því sem enginn sér.

*Efnisskrá*

| | |
|---|---|
| J.S. Bach<br>1685-1750 | Ensk svíta í e-moll BWV. 810<br>Prélude<br>Allemande<br>Courante<br>Sarabande<br>Passepied I<br>Passepied II<br>Gigue |
| L. van Beethoven<br>1770-1827 | Sónata í As-dúr op. 26<br>1. Andante con Variazione<br>2. Scherzo<br>3. Marcia funebre<br>4. Allegro |
| F. Chopin<br>1810-1849 | Sónata í b-moll op. 35<br>1. Grave - Doppio movimento<br>2. Scherzo<br>3. Marche funèbre (lento)<br>4. Finale (presto) |